



Borgarráð

**Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um reglur vegna ritunar fundargerða hjá fyrirtækjum í eigu borgarinnar**

Á fundi borgarráðs þann 29. október 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins kallar eftir hvort ekki séu til einhverjar reglur um fundargerðir, viðmið sem fyrirtækjum í eignum borgarinnar er ætlað að fylgja þegar kemur að fundargerðum? Fundargerðir SORPU eru að vera æ rýrari svo erfitt er að átta sig á innihaldi umræðunnar. Stikkorðastíllinn er að verða knappari. Dæmi um fundargerð sem lögð er fram í borgarráð 29.10. er: Liður 1: Staða og horfur í rekstri. Liður 2: Áætlun 2021. Liður 3: Önnur mál. Liður 4: Næsti fundur. Fundi slitið. Þetta er nú allt og sumt sem öðrum, þ.m.t. eigendum fyrirtækisins og minnihlutafulltrúum er ætlað að vita eftir þennan fund. Fundargerðir eru tæki til að miðla upplýsingum, því ekki að nota það tæki betur? Miklu fé var varið í Ráðgjafafyrirtækið Strategíu sem átti að vinna leiðir til að auka aðkomu eigenda að byggðasamlagsfyrirtækjum. Lítið af þeirra ráðleggingum virðist hafa skilað sér inn í stjórn SORPU.

**Umsögn:**

Í gildi er auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórnar nr. 1180/2021 en markmið þeirra er að veita leiðsögn um ritun fundargerða m.a. um hvað skylt er að bóka, um staðfestingu þeirra að fundi loknum og um skráningu og meðferð rafrænna fundargerða, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Með fundargerðum er tryggð varðveisla mikilvægra upplýsinga, svo sem um það hvar og hvenær fundur sveitarstjórnar fór fram, hverjir tóku þátt í fundinum, hvaða mál voru rædd, hverjir greiddu atkvæði með tillögu, hverjir voru á móti og hverjir sátu hjá, um niðurstöður mála og eftir atvikum um helstu rök að baki niðurstöðum, eða beinar tilvísanir til gagna sem geyma slík rök. Jafnframt hefur skrifstofa borgarstjórnar sett verklagsreglur um fundargerðir ráða og nefnda Reykjavíkurborgar dags. 25. maí 2022.

Í 2. gr. auglýsingar nr. 1181/2021 kemur fram að á fundum fastanefnda, skv. samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, annarra nefnda, stjórna og ráða á vegum sveitarfélags skal rita fundargerðir og skulu þær skráðar með sams konar hætti og fundargerðir sveitarstjórnar, sbr. 1. mgr. Fyrirtækjum, byggðasamlögum og öðrum lögaðilum sem falla utan ofangreindrar skilgreiningar er ekki skylt að fara eftir þeim reglum sem sveitarstjórn eru settar en þeim er það að sjálfsgöðu heimilt.

Skrifstofa borgarstjórnar sinnir samræmingar- og eftirlitshlutverki með fundarritun ráða og nefnda Reykjavíkurborgar en hefur ekki afskipti af fundarritun annarra aðila, enda eru fundargerðir og framsetning þeirra á ábyrgð viðkomandi nefndar eða stjórnar og fundarritara þeirra.

Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
Skrifstofustjóri borgarstjórnar